

17  
4. febr.

3. gr.  
Töluliðir 22, 27, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður.  
15. júlí — 31. október.

27. svæði: Ólafsfjörður.  
1. apríl — 30. nóvember.

34. svæði: Vopnafjörður.  
15. maí — 31. október.

43. svæði: Þorlákshöfn.  
1. marz — 11. maí.

4. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 63 5. apríl 1956 og reglugerð nr. 156 24. nóv. 1956, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátatúvgsins

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátatúvgsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1957.*

Lúðvík Jósepsson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

18  
5. febr.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 240.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 20.00.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1957.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febr. 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1957.*

Lúðvík Jósepsson.

*Gunnlaugur E. Briem.*